

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Haítí, nr. 55/2023.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/601 frá 24. mars 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí, sbr. fylgiskjal 1.4.
- 2.4 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/608 frá 24. mars 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/2309 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí, sbr. fylgiskjal 2.4.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 30. apríl 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.4.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/601
frá 24. mars 2025
um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí

RÁÐ EVRÓPUSAMBANÐSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2319 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 25. nóvember 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319.
- 2) Hinn 18. október 2024 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2752 (2024) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ástandið á Haítí héldi áfram að ógna friði og öryggi á alþjóðavettvangi og stöðugleika á svæðinu.
- 3) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2752 (2024) lét öryggisráðið í ljós þungar áhyggjur af miklu gengjaofbeldi og annarri brotastarfsemi sem og áhrifum sem ástandið á Haítí hefur á svæðinu. Öryggisráðið lýsti einnig þungum áhyggjum af ólöglegum viðskiptum og flutningi vopna og skotfæra til vopnaðra gengja á Haítí sem stunda viðvarandi afbrotastarfsemi sem grefur undan stöðugleika, stuðlar að því að grafa undan réttarríkinu og virðingu fyrir mannréttindum, hindri veitingu mannúðaraðstoðar og geti haft viðtækar neikvæðar afleiðingar út frá mannúðarsjónarmiðum og neikvæðra félagslegra og hagrænna afleiðingar.
- 4) Með ákvæðum 1. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2752 (2024) er gefin sú skýring að aðgerðir sem ógna friði, stöðugleika og öryggi á Haítí feli í sér ólögmæta nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmæt viðskipti með náttúruauðlindir. Ráðið telur að skýringin ætti að vera hluti af þvingunaraðgerðum Sambandsins í ljósi ástandsins á Haítí, til að tryggja samræmi í ljósi þess að aðgerðir til frystingar eigna og ferðatakmörkanir, sem öryggisráðið og viðkomandi framkvæmdanefnd öryggisráðsins um þvingunaraðgerðir ákveða, hafa þegar verið teknar inn í þvingunaraðgerðir Sambandsins.
- 5) Með ákvæðum 2. mgr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2752 (2024) er lagt bann við afhendingu, sölu eða tilflutningi á hvers kyns vopnum og tengdum hergögnum til Haítí, þ.m.t. vopnum og skotfærum, herfarartækjum og -búnaði, búnaði sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutum í fyrirnefnd tól og tæki. Með henni er einnig lagt bann við því að veita tækniaðstoð, þjálfun, fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð sem tengist herstarfsemi eða því að útvega, viðhalda eða nota vopn og tengd hergögn. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2752 (2024) kemur því í stað vopnasölubannsins í tengslum við smávopn, léttvopn og skotfæri samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2699 (2023).
- 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að afhenda, selja, flytja til eða flytja út, beint eða óbeint, vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrirnefnd tól og tæki, til Haítí, frá eða um yfirráðasvæði aðildarríkja eða af ríkisborgurum aðildarríkja, eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrirnefnd tæki og tól eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að:

- a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, þjálfun, miðlunarþjónustu eða aðra aðstoð sem tengist herstarfsemi eða því að útvega, framleiða, viðhalda eða nota vopn og tengd hergögn til Haítí,

- b) veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi eða því að útvega, framleiða, viðhalda eða nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við styrki, lán og greiðslu-vátryggingar vegna útflutnings, auk vátrygginga og endurtrygginga vegna hvers kyns sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækni-aðstoð, þjálfun, miðlunarþjónustu eða aðra aðstoð með beinum eða óbeinum hætti til Haítí.“
- c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „6. Bönnin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. gilda ekki um:
- afhendingu, sölu, tilflutning eða útflutning vopna og tengdra hergagna, eða veitingu tækniaðstoðar, þjálfunar, miðlunarþjónustu eða annarrar aðstoðar eða útvegum starfsfólks eða veitingu fjármagns eða fjárhagsaðstoðar, til eða af Sameinuðu þjóðunum eða sendisveitum með heimild frá Sameinuðu þjóðunum eða til öryggissveitar sem starfar undir stjórn ríkisstjórnar Haítí, sem ætluð eru til nota af hálfu þessara aðila eða í samráði við þá og er einungis ætlað að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí,
 - afhendingu, sölu, tilflutning eða útflutning vopna og tengdra herganga, veitingu tækniaðstoðar, þjálfunar, miðlunarþjónustu eða annarrar aðstoðar eða útvegum starfsfólks eða veitingu fjármagns eða fjárhagsaðstoðar til Haítí, eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur samþykkt fyrir fram í því skyni að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí,
 - afhendingu, sölu, tilflutning eða útflutning óbanvæns herbúnaðar til Haítí sem er eingöngu ætlaður til nota í mannúðarskyni eða til varnar eða veitingu tengdrar tækniaðstoðar, þjálfunar, miðlunarþjónustu eða annarrar aðstoðar eða fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar þegar slíkt er ætlað til að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí.“
- 2) Ákvæði 1. gr. a falla brott.
- 3) Eftirfarandi liður bætist við í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr.:
- „i. taki þátt í ólögmætri nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmætum viðskiptum með náttúruauðlindir.“
- 4) Eftirfarandi undirlið er bætt við a-lið fyrsta undirliðar 1. mgr. 2. gr. a:
- „ix. taki þátt í ólögmætri nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmætum viðskiptum með náttúruauðlindir.“
- 5) Eftirfarandi liður bætist við í fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr.:
- „i) taki þátt í ólögmætri nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmætum viðskiptum með náttúruauðlindir.“
- 6) Eftirfarandi undirlið er bætt við a-lið fyrsta undirliðar 1. mgr. 3. gr. a:
- „ix. taki þátt í ólögmætri nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmætum viðskiptum með náttúruauðlindir.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. mars 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

C. SIEKIERSKI

(¹) Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 135, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/2319/oj>.

Fylgiskjal 2.4.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/608
frá 24. mars 2025
um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/2309
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/601 frá 24. mars 2025 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 25. nóvember 2022 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) 2022/2309 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí⁽²⁾.
- 2) Hinn 24. mars 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/601, sem breytir ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2752 (2024). Með ákvörðun (ESB) 2025/601 er gerð grein fyrir aðgerðum sem ógna friði, stöðugleika og öryggi á Haítí og breytingar gerðar á gildissviði vopnasölubannsins.
- 3) Nokkrar þeirra breytinga sem gerðar eru með ákvörðun (SSUÖ) 2025/601 falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd, einkum með það fyrir augum að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2022/2309 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2022/2309 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. gr.:

„k) „miðlunarþjónusta“:

- i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- og tækniþjónustu, frá þriðja landi til annars þriðja lands eða
- ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu sem eru/er staðsett í þriðja landi og færa á til annars þriðja lands,

- l) „fjármögnun eða fjárhagsaðstoð“: sérhver aðgerð einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, óháð þeirri aðferð sem valin er, með eða án skilyrða, sem miðar að því að greiða eða skuldbinda sig til að greiða af eigin fjármunum eða efnahagslegum auði, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við styrkir, lán, ábyrgðir, ábyrgðarskuldbindingar, skuldabréf, bankaábyrgðir, greiðslufrestur seljanda, greiðslufrestur kaupanda, fyrirframgreiðslur vegna inn- eða útflutnings og allar tegundir váttrygginga og endurtrygginga, þ.m.t. greiðsluváttrygging vegna útflutnings. Greiðsla, ásamt skilmálum og skilyrðum fyrir greiðslu, umsamins verðs fyrir vöru eða þjónustu, í samræmi við eðlilega viðskiptahætti, telst ekki vera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð.“

- 2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, vara og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins⁽³⁾ („sameiginlegi hergagnalistinn“), auk skotvopna, hluta þeirra og nauðsynlegra íhluta og skotfæra eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012(4), hvort sem framangreint á uppruna í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Haítí eða til notkunar á Haítí.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu, beint eða óbeint, sem tengist herstarfsemi eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða skotvopn, hluta þeirra og íhluti og skotfæri eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 258/2012, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Haítí eða til notkunar á Haítí,
- b) veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, beint eða óbeint, sem tengist herstarfsemi eða útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða skotvopn, hluta þeirra og íhluti og skotfæri eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eða veita tengda tækniaðstoð eða miðlunarþjónustu til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Haítí eða til notkunar á Haítí.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækni- aðstoðar, miðlunarþjónustu eða útvegum starfsfólks til Sameinuðu þjóðanna eða sendisveitar Sameinuðu þjóðanna eða til öryggissveitar sem starfar undir stjórn ríkisstjórnar Haítí, sem ætluð eru til nota af hálfu þessara aðila eða í samráði við þá og er einungis ætlað að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí.
4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækni- aðstoðar, miðlunarþjónustu eða útvegum starfsfólks til Haítí, að því tilskildu að framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hafi samþykkt fyrir fram slíka sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækniaðstoðar, fjárhagsaðstoðar eða útvegum starfsfólks í því skyni að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí.
5. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á óbanvænum herbúnaði eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækniaðstoðar eða miðlunarþjónustu sem er einungis til nota í mannúðar- og verndarskyni til Haítí þegar slíkt er ætlað til að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí.
- 3) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 4. gr.:
- „i. taki þátt í ólögmætri nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmætum viðskiptum með náttúruauðlindir.“
- 4) Eftirfarandi undirlið er bætt við a-lið 1. mgr. 4. gr. a:
- „ix. taki þátt í ólögmætri nýtingu náttúruauðlinda eða ólögmætum viðskiptum með náttúruauðlindir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

C. SIEKIERSKI

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/601, 25.3.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/601/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/2309 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 17, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2309/oj>).

⁽³⁾ Síðasta útgáfa er birt í Stjtið. ESB C, C/2024/1945, 1.3.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2024/1945/oj>.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, íhluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og útflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, íhluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/258/oj>).“